



Reglur um kjör starfsmanna

1.gr

Reglur þessar gilda fyrir starfsmenn Fjarðabyggðar og er ætlað að lýsa áherslum sveitarfélagsins í kjaramálum starfsmanna og skýra hvernig launaákvæðanir eru teknar. Markmið Fjarðabyggðar er að hæfir starfsmenn veljist til starfa, þeir uni hag sínum vel hjá sveitarfélaginu og hafi metnað til að takast á við þau verkefni sem bíða úrlausnar. Reglum þessum er ætlað að styðja við og efla þjónustu að gæðum og skilvirkni. Reglurnar eru hluti mannauðsstefnu og lýsa gegnsæi ákvarðana launa starfsmanna.

2.gr

Launakjör starfsmanna eru almennt byggð á miðlægum kjarasamningum. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fer með samningaumboð til gerðar kjarasamninga fyrir hönd sveitarfélagsins og setur markmið og mótartefnu í kjaramálum. Laun starfsmanna skulu almennt ákvörðuð til samræmis við ákvæði kjarasamninga nema bæjarráð ákveði annað.

3.gr

Gæta skal jafnræðis við launasetningu starfsmanna og ákvarða starfslýsingar grunnlaun. Jafnlaunastefna er einn af hornsteinum kjarastefnunnar. Mikilvægt er að laun taki mið af þeim kröfum sem starf gerir til starfsmanns með tilliti til ábyrgðar, álags og sérhæfni.

4.gr

Starfslýsingar skulu ætíð liggja fyrir uppfærðar og fylgja skal þeim launakerfum sem umsamin eru, hvort sem þau eru í kjarasamningi eða sérstaklega umsamin líkt og starfsmat sveitarfélaga eða laun stjórnenda næst bæjarstjóra. Við auglýsingu nýrra starfa er staðfest starfslýsing lögð fyrir mannauðs- og kjarateymi til mats á launakjörum. Mannauðs- og kjarateymi gefur út röðun starfs í launaflokk.

5.gr

Yfirvinna og álagseiningar eru almennt greiddar eftir upplýsingum úr viðverkerfi nema í þeim tilfellum þar sem samið er um fastar einingar. Heimilt er að semja um fastar einingar við stjórnendur sem skipuleggja vinnu sína sjálfir. Fastar einingar vegna aukavinnu eiga að endurspegla vinnu sem skila ber á ákveðnu tímabili. Þá er heimilt að semja um fastar einingar til starfsmanna vegna bindingar þeirra og kvaða um viðbragðsskyldu utan reglubundins vinnutíma. Fastar einingar skulu endurskoðaðar reglubundið með tilliti til vinnuframlags og bindiskyldu starfsmanna. Föstum einingum á ekki í neinum tilfellum að jafna til launaauka og eiga ekki að valda launamun. Gæta skal jöfnuðar við ákvörðun yfirvinnu og vakta og gæta að því að starfsmenn geti notið eðlilegrar hvíldar.

6.gr.

Sé talin þörf á veitingu sérstakra viðbótarkjara vegna álags eða markaðsaðstæðna, skal rökstudd beiðni lögð fyrir bæjarráð þess efnis. Staðfesting skal ætíð studd rökum sem byggja m.a. á því að ekki sé um launaauka einstaklings að ræða og að viðbótarkjörin gildi fyrir starfshóp og raski ekki jöfnuði í launum starfsmanna.



7.gr

Bifreiðastyrkur er í öllum tilfellum greiddur eftir akstursbók þar sem starfsmaður gerir grein fyrir akstri sínum á vegum sveitarfélagsins. Akstur telst til starfstengdra greiðslna og er ekki ætlaður sem launaauki.

8.gr.

Ferðakostnaður er greiddur eftir reglum þar að lútandi og er starfstengd greiðsla, en ekki launaauki.

9.gr.

Bifreiðar sveitarfélagsins skulu nýttar í þágu starfsemi sveitarfélagsins.

10.gr.

Önnur starfskjör en þau sem kveðið er á um í kjarasamningum eru bundin í reglum og taka mið af fjárveitingum hvers árs. Sveitarfélagið styður við starfsmenn með styrkveitingum af ýmsu tagi sem nýtist þeim í leik og starfi til eflingar þeim sem einstaklingum. Sérstaklega skal stuðlað að veitingu styrkja til eflingar liðsheildar og samheldni. Þá er starfsmönnum veittur stuðningur með launudum leyfum þar sem starfsmenn halda réttindum sínum vegna náms sem nýtist þeim í starfi.

11.gr.

Starfsmenn eiga rétt á starfskjaraviðtali óski þeir þess.

Fjarðabyggð 19. júlí 2018

Gunnar Jónsson
bæjarritari

Samþykkt í bæjarráði 12. september 2016.

Samþykkt í bæjarstjórn 15. september 2016.

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018, í kjölfar sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.